

Aðalfundur Hvanneyrabúsins ehf.

Ásgarði 23. ágúst 2017, kl. 12:30

Mættir: Þóroddur Sveinsson (PS), Egill Gunnarsson (EG), Pétur Diðriksson (PD), Auður Magnúsdóttir (AM) og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar (PS).
2. Ársreikningur Hvanneyrabúsins 2016 kynntur og lagður fram til samþykktar (EG).
3. Rekstrar- og fjárhagsstaða Hvanneyrabúsins ehf. fyrstu 7 mánuði ársins 2016 (EG).
4. Önnur mál.

Fundagerð

Stjórnarformaður stýrir fundi, ritari stjórnar ritar fundargerð.

1. Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar. Lýsti góðu samband við bústjóra þrátt fyrir fáa fundi stjórnar með honum. Félagði þarf fulla endurskoðun v. kröfu frá ríkisendurskoðun, ánægja með nýja endurskoðendum BDO.

Vantar upp á innri endurskoðun skv. endurskoðendum. Stjórn þarf að taka til greina ábendingar frá endurskoðendum og taka fyrir á næsta stjórnarfundum.

Rætt um mögulegar hugmyndir um að auka hlutafé. Mykjukerfi í fjósi þarf að fjármagna. Bústjóri gerir kostnaðaráætlun f. breytingum.

Skoða þarf hvort hækka þurfi þjónustugjöld sem Lbhí greiðir búinu vegna umsvifa.

2. Bústjóri fór yfir ársreikning 2016 sem sýndi mjög góða afkomu.

2016: enn verið að gera upp skuldir vegna Grímshaga sem falla á árið 2016 m.a. lífeyrissjóðskuldbindingar og önnur launatengd gjöld.

Ársreikningur samþykktur af aðalfundi og undirritaður af stjórn.

3. Egill fór yfir rekstrastöðu í lok júnímánaðar sem sýnir góða afkomu og gott útlit út árið.
4. Önnur mál: Nú þegar tekist hefur að koma jafnvægi á rekstur Hvanneyrabúsins, má beina því til Lbhí að búið sé tilbúið að taka að sér fleiri verkefni í rannsóknum, þróun og kennslu í nautgriparækt, jarðrækt og tengdum fögum. Sé það vilji Lbhí að Hvanneyrabúið verði leiðandi miðstöð á þessum sviðum. Ljóst er að slíku auknu samstarfi verður að fylgja fjármagn.